

38. fundur
Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps
haldinn Miðtún1, Tálknafjörðu,
þriðjudaginn 17. mars 2009 og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu:

Guðlaug Björgvinsdóttir (GB), Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Ingólfur Kjartansson, Sigurlaug Guðmundsdóttir, Olga Hanna Möller (OHM),

Fundargerð ritaði: Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir , formaður

Dagskrá:

1. 0903067 - Staða á sjálfsmati. Bréf frá sveitarstjóra

Ingólfur fór yfir nemendakönnun sem framkvæmd var í GT í október 2008, matstækið heitir Glerverk. Niðurstöður könnunarinnar voru ekki nógu góðar í sumum atriðum t.d. gagnvart líðan og jákvæðni nemenda GT. Ingólfur upplýsti að starflið skólans hafi fundað um niðurstöðurnar og úrlausnir verið ræddar. Aðrar niðurstöður koma ágætlega út og enn aðrar ásættanlegar. Unnið hefur verið að úrbótum og staðan hefur lagast.

2. 0903068 - Upplýsingar um fyrirspurnir frá KÍ og Heimili og skóla

Ingólfur upplýsti að svar hefði borist frá KÍ þess efnis að skólastjóri hefði ákvörðunarvald. Ingólfur tjáði okkur að hann hefði tekið þá ákvörðun að grill yrðu tekin út nema í hádeginu. Fagnar skólanefnd því að niðurstaða sé fengin í málinu.

3. 0903069 - Staðgengill skólastjóra

Skólanefnd hefur þá túlkun að leggja eigi fyrir nefndina tillögu skólastjóra hver sé hans staðgengill. Við leggjum til að það sé gert hér eftir. Ingólfi lagði fram bréf þess efnis að Jörgína E. Jónsdóttir væri staðgengill hans. Skólanefnd setur spurningarmerki við hvort þetta sé siðferðilega rétt.

4. 0903070 - Foreldrasamstarf

Ingólfur og Sigurlaug voru spurð út í foreldra samstarf. Ingólfur tjáði okkar að það væri nokkuð en að það mætti vera meira. Sigurlaug upplýsti að foreldrafélagið hefði engin regluleg samskipti en styddu skólann eftir mætti, mætti vera virkara.

5. 0903071 - Stundvísi kennara

Ingólfur tjáði að mæting væri alveg sæmileg en alltaf mætti gera betur. Ingólfi er falið að áréttu stundvísi.

6. 0903008 - Önnur mál

Ingólfur upplýsti að Pisa könnun verði lögð fyrir 10. bekk þann 25. mars 2009.

Tónlist fyrir alla verði í íþróttahúsinu 23. mars 2009.

Olga sýndi okkur eyðublöð sem hún hyggst leggja fyrir vinnustaði hjá sveitarfélaginu sem tengjast skráningu launþega stofnana hreppsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____